Biskup Íslands auglýsir laust til umsóknar embætti héraðsprests í Austfjarðaprófastsdæmi. Embættið er til aðstoðar við prófast og presta innan prófastsdæmisins. Embættið veitist frá 1. október 2007. Starfshlutfall 50%. Biskup skipar í embætti héraðsprests til fimm ára. Biskup skipar þann í embætti héraðsprests sem vígslubiskup mælir með að fenginni umsögn héraðsnefndar. Óskað er eftir því að umsækjendur geri skriflega grein fyrir menntun sinni, starfsferli og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram. Um launakjör fer skv. ákvörðun kjararáðs, en að öðru leyti gilda um starfið lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Allar nánari upplýsingar um embættið, starfskjör, helstu lög og reglur sem um starfið gilda, eru veittar á Biskupsstofu, s. 535 1500. Umsóknarfrestur um embættið rennur út 4. júní 2007. Umsóknir sendist Biskupi Íslands, Biskupsstofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík. Prestum er skylt að hlíta breytingu á störfum sínum og

verksviði á skipunartímanum sbr. 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Vísað er til laga nr. 96/2000 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

F.h.b. Ragnhildur Benediktsdóttir.

(2007007438)

Útgáfud.: 25. apríl 2007

Auglýsing um skipulag - Eyjafjörður

Tillaga að niðurfellingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018.

Samvinnunefnd um svæðisskipulag Eyjafjarðar auglýsir skv. 1. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum tillögu að breytingu á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 1998-2018, með síðari breytingum. Gerð er tillaga um að fella niður svæðisskipulag Eyjafjarðar 1998-2018, með síðari breytingum, en jafnframt er gerð tillaga um að vinna nýtt svæðisskipulag.

Breytingartillagan verður til sýnis á skrifstofum viðkomandi sveitarfélaga, frá og með miðvikudeginum 25. apríl 2007. Þau sveitarfélög sem málið varðar eru Akureyrarbær, Arnarneshreppur, Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit, Fjallabyggð, Grímsey, Grýtubakkahreppur, Hörgárbyggð, Svalbærðsstrandarhreppur og Þingeyjarsveit. Tillagan verður einnig til sýnis á heimasíðum þeirra sveitarfélaga sem geta komið því við.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 6. júní 2007. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Héraðsnefndar Eyjafjarðar, Strandgötu 29, Akureyri eða til formanns samvinnunefndar á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar, Syðra-Laugalandi, Eyjafjarðarsveit. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

F. h. samvinnunefndar,
Bjarni Kristjánsson formaður.

(2007007213)

Útgáfud.: 25. apríl 2007

Auglýsing um skipulag - Hveragerðisbær

Bæjarstjórn Hveragerðisbæjar auglýsir hér með tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017, „*Svæðið austan Varmár*“.

Samkvæmt 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með lýst eftir athugasemdum við breytingartillögu að aðalskipulagi Hveragerðisbæjar 2005-2017.

Svæðið, sem breytingartillagan nær til, afmarkast af Varmá og spildu úr landi Reykja til vesturs, Ölfusborgum og opnu svæði undir Reykjafjalli til norðurs, landi Gljúfurárholts til austurs og hringvegi (Suðurlandsvegi) til suðurs.

Breytingartillagan ásamt greinargerð og öðrum fylgigögnum mun liggja frammi til sýnis á bæjarskrifstofu Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, frá og með 26. apríl 2007 til og með 25. maí 2007. Ennfremur verður tillagan til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík.

Þeim, sem telja sig eiga hagsmuna að gæta, er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna og skal þeim skilað til Hveragerðisbæjar eigi síðar en 8. júní 2007

og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests, teljast samþykkir henni.

Guðmundur F. Baldursson

skipulagsfulltrúi Hveragerðisbæjar.

(2007007212)

Útgáfud.: 26. apríl 2007

Auglýsing um skipulag - uppsveitir Árnessýslu (Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Flóahreppur)

Samkvæmt 1. mgr 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi aðalskipulagsbreytingar:

1. Borg í Grímsnes- og Grafningshreppi. Blönduð byggð.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 innan þéttbýlisins á Borg. Í breytingunni felst eftirfarandi:

- Á um 18 ha svæði á norðvesturhluta Borgarsvæðisins breytist svæði, sem nú er að hluta íbúðarsvæði og að hluta opið svæði til sérstakra nota, í blandaða landnotkun athafnasvæðis, opið svæði til sérstakra nota og íbúðarsvæði. Á svæðinu er gert ráð fyrir stórum lóðum fyrir léttan iðnað og verður jafnframt heimilt að vera með íbúðarhús og hesthús.
- Um 1 ha svæði sem liggur upp að Biskupstungnabraut verður að svæði fyrir þjónustustarfsemi í stað blandaðrar landnotkunar verslunar- og þjónustu og svæði fyrir þjónustustarfsemi.

2. Borg í Grímsnes- og Grafningshreppis. Hreinsistöð.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 innan þéttbýlisins á Borg. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir 1.600 m² iðnaðarsvæði fyrir hreinsistöð vestan við félagsheimilið. Að auki er gert ráð fyrir 560 m frárennislögn til vesturs frá hreinsistöðinni.

3. Syðri-Brú í Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 í landi Syðri-Brúar í Grímsnesi. Í breytingunni felst að svæði fyrir frístundabyggð stækkar um 45 ha austan þjóðveggar nr. 36 (Sogsvegur) á kostnað landbúnaðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota. Einnig er gert ráð fyrir að efnistökusvæði falli út auk þess sem landbúnaðarsvæði næst þjóðvegi verður að opnu svæði til sérstakra nota.

4. Blesastaðir III í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 í landi Blesastaða III á Skeiðum. Í breytingunni felst að við bætist reitur fyrir íbúðarsvæði en gert er ráð fyrir 6 íbúðarhúsalóðum á svæðinu, auk þess sem afmörkun svæða fyrir frístundabyggð, þjónustustofnanir og verslunar- og þjónustusvæðis breytist í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi svæðisins.

5. Réttarholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 í landi Réttarholts í landi sveitarfélagsins sunnan þjóðveggar. Í breytingunni felst eftirfarandi:

- Þéttbýlið Árnes (þéttbýlisuppráttur) stækkar til austurs sunnan þjóðveggar.
- Núverandi athafnasvæði (merkt A2) stækkar til austurs.
- Nýtt svæði fyrir frístundabyggð (merkt F43) rétt vestan við Árnes á svæði sem áður var blönduð landnotkun íbúðarsvæðis og landbúnaðarsvæðis.
- Nýtt opið svæði til sérstakra nota (merkt O22) þar sem gert er ráð fyrir golfvelli.
- Svæði vestan og suðvestan við Árnes skilgreint sem blönduð landnotkun íbúðarsvæðis og opins svæðis til sérstakra nota.

Tillaga að deiliskipulagi samsvarandi svæðis er auglýst samhliða.

6. Vestra-Geldingaholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Krókur í Grafningi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Nýtt lögbýli.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016 á landspildu úr Vestra-Geldingaholti. Í breytingunni felst að um 31 ha svæði fyrir frístundabyggð, merkt F38, breytist í landbúnaðarsvæði. Svæðið er austan Háholtsveggar og liggur upp að lækjarfarvegi milli Vestra-Geldingaholts og Háholts. Gert er ráð fyrir nýju lögbýli á svæðinu.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

7. Klausturhólar í Grímsnesi. Frístundabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á um 20 ha landspildu úr landi Klausturhóla. Skipulagssvæðið er norðan Biskupstungnabrautar og nær upp að frístundabyggðasvæði í Kerhrauni. Í tillögunni felst að gert er ráð fyrir 28 lóðum á bilinu 0,5-0,7 ha þar sem heimilt verður að reisa allt að 150 m² frístundahús og allt að 25 m² aukahús, en nýtingarhlutfall lóða má þó að hámarki vera 0.03.

8. Öndverðarnes í Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð við Selvík.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Öndverðarness, við Selvík. Gert ráð fyrir 11 byggingarreitum fyrir frístundahús á landi Landsbankans við Selvík, vestan og suðvestan við núverandi sumarhús. Heimilt verður að reisa allt að 200 m² frístundahús með 6 metra mænishæð og 4,5 m veggshæð að hámarki. Heimilt er að vera með kjallara og svefnloft þar sem aðstaður leyfa.

9. Flúðir í Hrunamannahreppi. Grund.

Tillaga að deiliskipulagi fimm lóða við Grund á Flúðum. Svæðið afmarkast af Skeiðavegi til vesturs, Hrunamannavegi til suðurs, Akurgerði 2 og 3 til austurs og opnu svæði til norðurs. Þrjár lóðirnar eru fyrir verslun- og þjónustu og eru þegar byggðar. Tvær lóðir eru íbúðarlóðir og er ein þeirra

þegar byggð og er hún við Akurgerði 1. Hin íbúðarhúsalóðin er óbyggð og er þar gert ráð fyrir einnar hæðar einbýlishúsi með innbyggðri bílgeymslu.

10. Heiðarvatn í Hrunamannahreppi. Veðiðhús.

Tillaga að deiliskipulagi 3 ha lóðar fyrir veiðihús við Heiðarvatn í Hrunamannahreppi. Í tillögunni felst að heimilt verður að reisa eitt nýtt veiðihús og eitt gestahús, en fyrir er eldra veiðihús. Hámarksstærð veiðihúss er 70 m² og má mænishæð vera allt að 5,5 m en gestahús má vera allt að 15 m² með 4 m mænishæð.

11. Blesastaðir III í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Frístundabyggð, íbúðarsvæði og þjónusta.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir Blesastaði III á Skeiðum. Skipulagssvæðið er rúmír 16 ha og nær frá lóð dvalarheimilis við Blesastaði III til norðausturs að landamerkjagirðingu við Votumýri. Í tillögunni er gert ráð fyrir 10 nýjum um 1 ha frístundalóðum auk einnar sem fyrir er, 6 nýjum íbúðarhúsalóðum, lóð fyrir gróðurhús og þökkunarhús og lóð fyrir þjónustustarfsemi.

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins er auglýst samhliða.

12. Hamarsheiði II í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Trantur, frístundabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi frístundabyggðar á Tranti í landi Hamarsheiðar II. Skipulagssvæðið er í heild um 14 ha og er þar gert ráð fyrir 5 lóðum á bilinu 1,5 – 2,6 ha. Innan hverrar lóðar eru 1-3 byggingarreitir þar sem heimilt er að reisa allt að 100 m² frístundahús og allt að 25 m² aukahús. Samtals er gert ráð fyrir 8 byggingarreitum fyrir frístundahús og aukahús. Aðkoma að svæðinu er um heimreið að Hamarsheiði I og II.

13. Réttarholt í Skeiða- og Gnúpverjahreppi.

Tillaga að deiliskipulagi sem nær yfir hluta jarðarinnar Réttarholt. Skipulagssvæðið er í heild 349 ha og fylgir eignarlandi sveitarfélagsins sunnan Þjóðvegur nr. 32. Eldri deiliskipulagsáætlanir innan svæðisins falla úr gildi við gildistöku þessa skipulags. Í tillögunni felst eftirfarandi:

- Um 45 ha svæði fyrir frístundabyggð og er gert ráð fyrir 37 lóðum á bilinu 0,7-1,7 ha þar sem heimilt verður að reisa allt að 150 m² frístundahús og 30 m² aukahús.
- Um 133 ha svæði fyrir smábýlabyggð. Lóðirnar eru 26 og eru á bilinu 2,2 -8 ha og verður heimilt að reisa allt að 400 m² íbúðarhús auk 1-2 aukahúsa.
- Um 13 ha svæði fyrir 26 athafnalóðir og gámasvæði.
- Hesthúsasvæði fyrir 16, um 2.000 m², lóðir umhverfis reiðvöll. Á hverri lóð má reisa 150-250 m² hesthús.
- Um 44 ha svæði milli Búrfellslínu og jarðarinnar Stóra-Hof fyrir 18 holu golfvöll.

Breyting á aðalskipulagi sveitarfélagsins er auglýst samhliða.

14. Breiðholt í Flóahreppi. Frístundabyggð.

Tillaga að deiliskipulagi tveggja frístundahúsalóða á um 1 ha spildu úr landi Breiðholts í fyrrum Villingaholtshreppi. Heimilt verður að reisa allt að 100 m² frístundahús á hvorri lóð og er aðkoma að svæðinu frá Þjóðvegi 305.

15. Ölvisholt í Flóahreppi. Frístundabyggð á Miklholti.

Tillaga að deiliskipulagi fyrir hluta af 48,3 ha landsspildu, Mikholt, úr landi Ölvisholts í fyrrum Hraungerðishreppi. Á norður hluta svæðisins er í dag eitt frístundahús og með deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að þar rétt hjá megi reisa nýtt allt að 250 m² frístundahús og allt að 300 m² hesthús eða skemmu.

Samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73 1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við eftirfarandi deiliskipulagsbreytingar:

16. Brjánsstaðir í Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð við Heiðarbraut.

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags við Heiðarbraut í landi Brjánsstaða. Í breytingunni felst að heimilt verður að reisa allt að 40 m² aukahús á hverri lóð í stað 10-15 m². Nýtingarhlutfall lóðar má þó ekki vera hærra en 0.03.

17. Hestur í Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í landi Hests. Í breytingunni felst að hámarksstærð frístundahúsa verður 150 m² í stað 80 m² og hámarksstærð aukahúsa verði 40 m² í stað 10-15 m². Nýtingarhlutfall lóðar má þó ekki vera hærra en 0.03. Tillagan gerir auk þess ráð fyrir ákvæðum sem miða að því að fella hús betur að umhverfi sínu. Um mitt ár 2005 var auglýst breyting á skilmálum deiliskipulagsins og var búið að samþykkja þá breytingu í sveitarstjórn en hún hafði þó ekki tekið gildi með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Breytingin, sem hér er auglýst, er eins og sú sem áður var auglýst nema að leyfileg stærð aukahúsa hefur breyst.

18. Syðri-Brú í Grímsnes- og Grafningshreppi. Frístundabyggð.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Syðri-Brúar, á svæði milli Þjóðvegur nr. 36 (Sogsvegur) og fjallsins Búrfell. Í breytingunni felst að skipulagssvæðið stækkar um 45 ha, úr 120 ha í um 165 ha og lóðum fjölgar um 114 en húsum um 98. Samhliða breytist afmörkun útivistarsvæða, golfvallar og leiksvæða, auk þess sem annað af tveimur efnistökusvæðum fellur út. Skilmálar deiliskipulagsins breytast ekki.

19. Syðra-Langholt í Hrunamannahreppi. Frístundabyggðin Holtabyggð.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í Syðra-Langholti IV, Holtabyggð. Í tillögunni felst að lóð 110 (2,1 ha) og 111 (3,6 ha) eru sameinaðar í eina 5,7 ha lóð þar sem heimilt verður að reisa 6 allt að 100 m² frístundahús ætluð til útleigu.

20. Úthlíð í Biskupstungu. Breyting á skilmálum frístundabyggðar.

Tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags frístundabyggðar í landi Úthlíðar. Á undanförunum misserum hafa verið samþykktar breytingar á deiliskipulagi svæðisins og nú svo komið að mismunandi skilmálar gilda um svæðin. Með þessari breytingu er verið að samræma skilmála varðandi stærðir húsa. Í tillögunni felst að hámarksstærð frístundahúsa verður 280 m² auk þess sem heimilt verður að reisa allt að 30 m² aukahús á hverri lóð. Nýtingarhlutfall lóðar má þó að hámarki vera 0.03.

Skipulagstillögurnar liggja frammi á skrifstofu viðkomandi

sveitarfélags og hjá embætti skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma frá 26. apríl til 24. maí 2006. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á vefslóðinni <http://www.sveitir.is/skipulagsfulltrui/auglysingar/>.

Athugasemdum við skipulagstillöguna skulu berast til skipulagsfulltrúa uppsveita Árnassýslu í síðasta lagi 7. júní 2006 og skulu þær vera skriflegar. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests, telst vera samþykktur henni.

Pétur Ingi Haraldsson

skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu.

(2007007318)

Útgáfud.: 26. apríl 2007

Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarkaupstaður

Tillaga að nýju deiliskipulagi Kapelluhraun 1. áfangi, í Hafnarfirði.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum þann 17. apríl 2007 að auglýsa til kynningar tillögu að nýju deiliskipulagi, Kapelluhraun 1. áfangi, í Hafnarfirði, í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Deiliskipulagið felst í að skipulagðar eru 20 nýjar iðnaðarlóðir í flokki B3 sunnan Straumsvík.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðar, eigi síðar en 7. júní 2007.

Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðarkaupstaðar.

(2007007317)

Útgáfud.: 26. apríl 2007

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Árborg

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr.73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar, tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar Norðurhólar 3 á Selfossi.

Fyrirhugað er að byggja 6 deilda leikskóla á lóðinni, sem er 7.187,0 m² að stærð og nýtingarhlutfall allt að 0,20.

Teikningar og greinargerð mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Árborgar, Austurvegi 67, Selfossi frá og með fimmtudeginum 26. apríl til og með fimmtudagsins 24. maí 2007.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við skipulagstillöguna.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út fimmtudaginn 7. júní 2007 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikning og greinargerð til kynningar á heimasíðu Árborgar, <http://www.arborg.is>, þar sem hægt er að skoða hana og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi: skipulag@arborg.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan ofangreinds frests teljast samþykkja hana.

Selfossi, 23. apríl 2007.

Bárður Guðmundsson skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

(2007007316)

Útgáfud.: 27. apríl 2007

Auglýsing um skipulag – Hafnarfjarðarkaupstaður

Skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 3. apríl 2007, að auglýsa til kynningar eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfirði, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi miðbæjar.

Breytingin felur í sér að leyfð verði akstursaðkoma að menntasetri og að göngusvæði stækki út í lækinn.

Tillaga að breyttu deiliskipulagi Lækjargötu nyrðri.

Breytingin felur í sér að gönguleið komi í gegnum grænt svæði og brú yfir lækinn á móts við Lækjargötu 2.

Skipulagsupprættirnir verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarkaupstaðar, Strandgötu 6, frá 27. apríl 2007 til 25. maí 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, eigi síðar en 8. júní 2007. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

Jafnframt verður haldinn almennur kynningarfundur á tillögunum 7. maí 2007, kl. 17:00 í Hafnarborg í Hafnarfirði.

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.

(2007007403)

Útgáfud.: 27. apríl 2007

Auglýsing um deiliskipulag - Akraneskaupstaður

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautar - Þjóðbrautar á Akranesi.

Með vísan til 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við tillögu að breytingu á deiliskipulagi Dalbrautar-Þjóðbrautar á Akranesi.

Skipulagssvæðið eru lóðirnar Þjóðbraut 1 og Þjóðbraut 5-7 í deiliskipulagi fyrir Dalbraut-Þjóðbraut á Akranesi. Breytingin felst m.a. í að hæðum fjölbýlishúss lóðarinnar við Þjóðbraut 1, er fjölgað úr 6 í 8 auk kjallara, íbúðum er fjölgað úr 30 í 40 og bílastæðum í kjallara úr 30 í 40. Einnig eru gerðar breytingar á byggingarreit á lóð Þjóðbrautar 5-7 og settar kvaðir um fráveitulagnaleið yfir lóðina og lóð Dalbrautar 6.

Tillagan, ásamt frekari upplýsingum, liggur frammi á skrifstofu tækni- og umhverfissviðs að Dalbraut 8, Akranesi, frá 27. apríl 2007 til og með 25. maí 2007.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 8. júní 2007 og skulu þær berast á bæjarskrifstofu Akraneskaupstaðar, Stílholti 16-18, 3. hæð. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Akranesi, 23. apríl 2007.

Þorvaldur Vestmann sviðsstjóri tækni- og umhverfissviðs Akraneskaupstaðar.

(2007007402)

Útgáfud.: 27. apríl 2007

Auglýsing um skipulagsmál í Reykjanesbæ

Tillögur að breytingum á aðalskipulagi Reykjanesbæjar ásamt deiliskipulagsbreytingum á sömu stöðum.

Í samræmi við 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýstar til kynningar tillögur að breytingum á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 1995-2015 og samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 eru hér með auglýstar tillögur af eftirfarandi deiliskipulögum á sama stað.

1. Aðal- og deiliskipulagsbreyting við Njarðarbraut, Hafnargötu og Víkurbraut.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar: Miðsvæði við Víkurbraut ofan Keflavíkurhafnar stækkar til suðurs og opið svæði til sérstakra nota milli Hafnargötu og Bakkastígs minnkar að sama skapi. Á svæðinu er reiknað með að byggja 1-7 hæða hús, allt að 78 íbúðum og einnig er gert ráð fyrir möguleika á þjónustu á jarðhæð og þá 70 íbúðum samtals.

2. Aðal- og deiliskipulagsbreyting Hákotstanga Njarðvíkurbraut 43-66.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar:

a. Íbúðarsvæði stækkar til norðurs og suðurs.

b. Aðkoma verður um Tjarnargötu og Njarðvíkurbraut.

Byggð verða íbúðarhús 2-13 hæðir.

Tillögurnar verður til sýnis á skrifstofu Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12, frá og með 27. apríl 2007 til 25. maí 2007.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til 8. júní 2007. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á skrifstofu Reykjanesbæjar að Tjarnargötu 12 Reykjanesbæ. Hver sá sem eigi gerir athugasemdir við tillögurnar fyrir tilskilinn frest telst samþykkja hana.

Reykjanesbæ, 23. apríl 2007.

Framkvæmdastjóri umhverfis- og skipulagssviðs Reykjanesbæjar.

(2007007395)

Útgáfud.: 30. apríl 2007

Auglýsing um skipulag - Þingeyjarsveit

Tillaga að breyttu deiliskipulagi í landi Laugaskóla, Reykjadal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti á fundi sínum þann 12. apríl 2007, að auglýsa til kynningar tillögu að breyttu deiliskipulagi í landi Laugaskóla, Reykjadal, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Um er að ræða breytingu þar sem tvær nýjar lóðir fyrir einbýlishús (B8 og B9) eru skipulagðar. Sá fyrirvari var gerður við samþykkt breytingartillögunnar að sveitarfélagið annist ekki gatnagerð á svæðinu nema sérstaklega sé um það samið.

Deiliskipulagið verður til sýnis á skrifstofu Þingeyjarsveitar,

Kjarna, Laugum frá 1. maí 2007 til 29. maí 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar, www.thingeyjarsveit.is.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, eigi síðar en 12. júní 2007. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

25. apríl 2007.

Sveitarstjóri í Þingeyjarsveitar.

(2007007424)

Útgáfud.: 30. apríl 2007

Auglýsing um skipulag - Þingeyjarsveit

Tillaga að breyttu deiliskipulagi í landi Hróarsstaða, Fnjóskadal, Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar, samþykkti á fundi sínum þann 12. apríl 2007, að auglýsa til kynningar tillögu að breyttu deiliskipulagi í landi Hróarsstaða, Fnjóskadal, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Um er að ræða breytingu á byggingarskilmálum og greinargerð þar sem stærðarmörk húsa eru aukin og að um verði að ræða blandaða byggð á öllum svæðum (A,B og C) auk þess sem svæðunum eru gefin nöfn. Sá fyrirvari var gerður við samþykkt breytingartillögunnar að sveitarfélagið annist ekki gatnagerð á svæðinu nema sérstaklega sé um það samið.

Deiliskipulagið verður til sýnis á skrifstofu Þingeyjarsveitar, Kjarna, Laugum frá 1. maí 2007 til 29. maí 2007. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Þá eru upplýsingar og aðgengilegar á heimasíðu Þingeyjarsveitar, www.thingeyjarsveit.is.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytinguna og skal þeim skilað skriflega til skrifstofu Þingeyjarsveitar, eigi síðar en 12. júní 2007. Þeir sem ekki gera athugasemd við breytinguna teljast samþykkir henni.

25. apríl 2007.

Sveitarstjóri í Þingeyjarsveitar.

(2007007423)

Útgáfud.: 30. apríl 2007

Auglýsing um skipulag - Snæfellsbær

Nýtt deiliskipulag vegna snjóflóðavarna í Ólafsvík, Snæfellsbæ.

Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með auglýst eftir athugasemdum við nýtt deiliskipulag vegna snjóflóðavarna í Ólafsvík, Snæfellsbæ. Skipulaginu er breytt vegna endurbóta snjóflóðamannvirkja. Svæðið sem um ræðir er upp með giliu frá Ólafsbraut að Tvísteinahlið.

Deiliskipulagið, sem samanstendur af uppdrætti ásamt skipulags- og byggingarskilmálum, liggur frammi á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar í Röst á Hellissandi frá 30. apríl til 28. maí 2007 á venjulegum skrifstofutíma.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við deiliskipulagið. Athugasemdum skal skila fyrir 4. júní 2007. Athugasemdir

ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, 360 Snæfellsbæ. Þeir sem ekki gera athugasemd innan tilgreinds frests teljast samþykkir tillögunni.

Skipulags og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.

(2007007413)

Útgáfud.: 30. apríl 2007

Auglýsing um skipulag - Snæfellsbær

Óveruleg breyting á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 1995 - 2015.

Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga er hér með auglýst eftir athugasemdum við óverulega breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar.

Aðalskipulagi Snæfellsbæjar er breytt vegna endurbóta snjóflóðamannvirkja. Svæðið sem um ræðir er upp með gilinu frá Ólafsbraut að Tvísteinahlið.

Breytingartillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, frá og með 30. apríl nk. til 21. maí. 2007.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 21. maí 2007. Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, 360 Snæfellsbæ. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest telst samþykkur henni.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.

(2007007412)

Útgáfud.: 30. apríl 2007

Auglýsing um skipulag - Kópavogsbær

Dimmuhvarf 19a. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga, auglýsist hér með tillaga að breyttu deiliskipulagi Dimmuhvarfs 19a. Vísað er í gildandi deiliskipulag fyrir Vatnsenda, samþykkt í bæjarstjórn 29. október 1992, með síðari breytingum frá 28. apríl 1994 og breytt deiliskipulag Dimmuhvarfs 19 og 19a dags. 2. ágúst 2005 og breytt 22. nóvember 2005, samþykkt í bæjarráði 6. október 2005.

Í breytingunni felst að byggt verði á lóðinni parhús á einni hæð í stað einbýlishúss, ásamt bílageymslu á einni hæð í austurhluta lóðar. Byggingarreitur stækkar til austurs um 13 metra vegna bílageymslu. Stærð lóðar er 1.490 m². Á lóðinni er gert ráð fyrir 4 bílastæðum. Ekki er gert ráð fyrir hesthúsi á lóð. Tillagan er sett fram á uppdrætti í mkv. 1:500. Nánar vísast til kynningargagna.

Tillögunar verða til sýnis á bæjarskipulagi Kópavogs, Fannborg 6, 2. hæð frá kl. 8.00 til 16.00 mánudaga til fimmtudaga og á föstudögum frá 8.00 til 14.00, frá 1. maí 2007 til 1. júní 2007. Einnig má sjá tillögunar á heimasíðu bæjarins, www.kopavogur.is.

Athugasemdir eða ábendingar skulu hafa borist skriflega bæjarskipulagi eigi síðar en kl. 15.00 þriðjudaginn 19. júní 2007. Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkir tillögunni.

Skipulagsstjóri Kópavogsbæjar.

(2007007409)

Útgáfud.: 2. maí 2007

Auglýsing um skipulag - Húnaþing vestra

Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002 - 2014.

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkti á fundi sínum 8. mars 2007 að auglýsa til kynningar eftirfarandi breytingar á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014, skv. 1. mgr. 18. gr. skipulags og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Sveitarfélagsuppdráttur. Stækkun á afmörkun á þéttbýli við Hvammstanga.

Laugarbakki, þéttbýlisuppdráttur. Breytt lega tengivegar (Miðfjarðarvegur) við Laugarbakka að hringveginum og breytt landnotkun á aðliggjandi svæði.

Hvammstangi, þéttbýlisuppdráttur. Breyting á vegum, tilfærsla á verslunar- og þjónustusvæði og stækkun á útivistarsvæði til sérstakra nota.

Jafnframt er auglýst deiliskipulag á útivistarsvæði við Kirkjuhvamm á Hvammstanga, skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Deiliskipulagið nær yfir núverandi uppbyggingu og áætlanir á útivistarsvæði til sérstakra nota m.a. hesthúsabyggð, skeiðvöll, íþróttaleikvang, tjaldsvæði, golfvöll og skógrækt.

Skipulagsuppdrættir og greinargerð munu liggja til sýnis á skrifstofu Húnaþings vestra, Klapparstíg 4 á Hvammstanga frá 2. maí 2007 til 30. maí 2007. Enn fremur eru tillögunar til sýnis hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingartillöguna. Athugasemdum skal skila til skrifstofu Húnaþings vestra fyrir 14. júní 2007 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við breytingartillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

Sveitarstjóri Húnaþings vestra.

(2007007436)

Útgáfud.: 2. maí 2007

Auglýsing um skipulag - Mosfellsbær

Tillaga að breytingum á deiliskipulagi: Frístundahús í Hamrabrekku.

Mosfellsbær auglýsir hér með skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 tillögu að breytingu á deiliskipulagi þriggja frístundalóða í Hamrabrekku, þjóðskrárnúmer 9000-3060. Gildandi deiliskipulag var samþykkt í bæjarstjórn Mosfellsbæjar 11. ágúst 2005. Breytingar felast í því að hámarksstærð frístundahúsa er aukin þannig að þau megi vera allt að 110 m² að stærð auk 20 m² geymslu.

Tillöguuppdráttur með greinargerð verður til sýnis í þjónustuveri Mosfellsbæjar, Þverholti 2, 1. hæð, frá 2. maí 2007 til 30. maí 2007, svo að þeir sem þessa óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Mosfellsbæjar www.mos.is undir: „Framkvæmdir/Deiliskipulag“.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og hafa borist skipulags- og byggingarnefnd Mosfellsbæjar eigi síðar en 13. júní 2007. Hver sá sem ekki gerir athugasemd við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

Mosfellsbæ, 26. apríl 2007.

Skipulagsfulltrúi Mosfellsbæjar.

(2007007435)

Útgáfud.: 2. maí 2007

Auglýsing um skipulag - Reykjavíkurborg

Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að nýju deiliskipulagi og breytingum á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.

Nýlendureitur.

Tillaga að deiliskipulagi á reit 1.115.3 sem afmarkast af Vesturgötu, Seljavegi, nýrri legu Mýrargötu og Ægisgötu/Geirsgötu.

Í tillögunni er gert ráð fyrir blandaðri byggð íbúða og athafnastarfsemi og er meginmarkmið deiliskipulagsins að fullnýta uppbyggingarmöguleika á reitnum og enn fremur að stuðla að verndun byggðamynsturs með því m.a. að gefa kost á að setja niður flutningshús á nýjum lóðum og einnig að draga fram þá möguleika sem gefast á hverri lóð fyrir sig til að auka verðmæti þeirra bygginga sem fyrir eru á svæðinu. Stokkur verður gerður milli Geirsgötu og Grandagarðs undir nýja Mýrargötu sem tengir miðbæ við vesturhöfnina og aðra hluta borgarinnar.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Laugavegur 33-35 og Vatnsstígur 4.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.172.1, sem afmarkast af Laugavegi, Frakkastíg, Hverfisgötu og Vatnsstíg vegna lóðanna að Laugavegi 33-35 og Vatnsstígur 4.

Tillagan gerir ráð fyrir að öll efsta hæð fjögurra hæða byggingar sé dregin inn um 2 metra og að byggja alls 4.260 m². Nýtingarhlutfall verður 3,5. Í tillögu er einnig gert ráð fyrir að byggja bílakjallara undir verslunarrými og með þeim hætti auka nýtingu undir verslanir/þjónustu á þeirri hæð sem er að fullu niðurgráfin við Laugaveg en á jarðhæð við þær byggingar sem nú standa að Laugavegi 33B og Vatnstíg 4. Heildarnýtingarhlutfall að meðtöldum kjöllum er því allt að 5,2.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Grófartorg, Zimsenhús.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir reit 1.140.0, sem afmarkast af Hafnarstræti, Vesturgötu, Grófinni, Tryggvagötu og Naustinni, vegna lóðanna að Vesturgötu 2 og 2a.

Tillagan gerir ráð fyrir að í stað nýbyggingar samkvæmt núgildandi deiliskipulagi verður gert ráð fyrir aðfluttu húsi, svokölluðu Zimsen-húsi, sem áður stóð við Hafnarstræti 21. Kvöð um göngutengsl milli Vesturgötu og Tryggvagötu um undirgöng verður felld niður og verður eftir breytingu um lóðina Vesturgötu 2a. Við þá breytingu stækkar leyfð nýbygging á Vesturgötu 2 sem samsvarar undirgöngum. Fyrirhugðum götustæðum við Tryggvagötu er fjölgað um tvö stæði.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Hádegismóar.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Hádegismóa, svæði sem afmarkast af opnu svæði í austur, í suður af grænu svæði sem liggur að Rauðavatni og hringtorgi, í norðuraustur af golfvelli GR og í vestur af Suðurlandsvegi.

Tillagan gerir ráð fyrir að í stað þriggja stórra lóða verða svæði afmarkað í sex lóðir, fimm til viðbótar við lóð

Morgunblaðsins (númer 2 við Hádegismóa) og eru nýjar lóðir norðvestan við lóð Morgunblaðsins. Verða húsin með númerin 1-3 og 2-8. Ný gata verður lögð á svæðinu. Hámarkshæðir húsa verða tuttugu og þrír metrar og skulu tvær efstu hæðir húsanna númer sex og átta vera inndregnar sem nemur 2/3 af flatarmáli byggingarreits. Nýtingarhlutfall hækkar úr 0,4 í 0,5.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Hlíðarendi.

Tillagan felst í því að skipulagsreiturinn stækkar vegna breyttrar legu Hlíðarfótar og að byggingarmagn á atvinnu- og íbúðarlóðum á skipulagsreitnum er aukið úr 50.000 fermetrum í 85.000 fermetra. Þar af eru 25.000 fermetrar á lóð LSH og 60.000 fermetrar á lóðum sem merktar eru A til F. Gert er ráð fyrir að á lóðum A til F skiptist byggingarmagnið nokkuð jafnt milli atvinnuhúsnæðis (lóðir A, B og C) og íbúðarhúsnæðis (lóðir D, E og F). Atvinnuhúsnæði hefur verið raðað meðfram umferðargötum þannig að hljóðvist í íbúðarhúsnæði batnar. Gera skal ráð fyrir að 2/3 hlutar bílastæða séu í bílajakjöllum. Þá er gert ráð fyrir aðkomu að svæðinu frá Hlíðarfæti auk aðkomu frá Flugvallarvegi, eins og gert er ráð fyrir í gildandi deiliskipulagi. Gildandi deiliskipulag lóðar Knattspyrnufélagsins Vals helst óbreytt að öðru leyti en því að gert er ráð fyrir áhorfendastúku við norðausturhlíð knattúss.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar að Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8.20-16.15, frá 2. maí 2007 til og með 13. júní 2007. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar.

Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 13. júní 2007. Vinsamlega notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 27. apríl 2007.

F. h. skipulagsstjóra Reykjavíkur,

Ann Andreassen.

(2007007434)

Útgáfud.: 2. maí 2007

Auglýsing um skipulag - Fljótsdalshérað

Tillaga að deiliskipulagi íbúðarsvæðis norðan Dalbrúnar og Lagarfells í Fellabæ, Fljótsdalshéraði.

Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs auglýsir hér með tillögu að deiliskipulagi norðan Dalbrúnar og norðan Lagarfells, skv. 25. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Skipulagssvæðið afmarkast af norðurlóðamörkum nyrstu lóða við Skólabrún, Dalbrún, Brekkubrún og Reynihvamm og að öðru leyti eins og sýnt er upprætti. Deiliskipulagstillagan felur m.a. í sér að íbúðabyggð stækkar norðan núverandi byggðar í Fellabæ. Á vestara svæðinu eru lóðir fyrir 11 einbýlishús/tvíbýlishús á jafnmörgum lóðum og á eystra svæðinu eru lóðir fyrir 18 einbýlishús/tvíbýlishús á jafnmörgum lóðum og ein lóð fyrir þriggja íbúða raðhús.

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs að

Einhleypingi 1, Fellabæ frá 2. maí til 30. maí 2007. Þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna til og með miðvikudagsins 13. júní 2007. Skila skal skriflegum athugasemdum til skipulags- og byggingarnefndar á Bæjarskrifstofu Fljótsháðs að Lyngási 12, Egilsstöðum. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna teljast henni samþykkir.

Fljótsháðs, 2. maí 2007.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsháðs.

(2007007433)

Útgáfud.: 2. maí 2007

Auglýsing um skipulag - Borgarbyggð

Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017, athafnasvæði við Engjaás í Borgarnesi.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar auglýsir hér með tillögu að breytingum á aðalskipulagi Borgarbyggðar 1997-2017 samkvæmt 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Í breytingartillögunni felst að athafnasvæði, staðsett í landi Kárastaða norðan þjóveggar 54, er stækkað til norðurs, með breytingu á landnotkun 6,2 ha landbúnaðarlands.

Breyting á aðalskipulagi verður til sýnis á skrifstofu Borgarbyggðar frá 2. maí 2007 til 30. maí 2007.

Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 13. júní 2007.

Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við breytingartillöguna fyrir tiltekin frest telst samþykkur henni.

Borgarnesi 26. apríl 2007.

Forstöðumaður framkvæmdasviðs Borgarbyggðar.

(2007007432)

Útgáfud.: 3. maí 2007

Auglýsing um skipulag - Sveitarfélagið Árborg

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum, auglýsir bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar neðanskráðar tillögur að deiliskipulagi í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag Hólaborgar, lnr. 206383, í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagssvæðinu er skipt út úr jörðinni Hólar, landnr. 165547 og er 126,1 ha að stærð. Fyrirhugað er að byggja upp hestabýli á jörðinni. Aðkoma að Hólaborg er af Gaulverjabæjarvegi um land Baugsstaða.

Á landinu eru 3 byggingarreitir. Á reit 1 má byggja allt að 250 m² íbúðarhús auk 70 m² bílageymslu, mesta hæð 7 m. Á reit 2 má byggja allt að 500 m² hesthús og 1.000 m² skemmu, mesta hæð 8 m. Á reit 3 má byggja skemmu allt að 3.000 m², mesta hæð 8 m.

Deiliskipulag gámasvæðis í landi Borgar í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulagssvæðið sem er 9.961 m² að stærð er í landi jarðarinnar Borgar og afmarkast af gamla Hraunsvegi að norðvestan og er á milli Gaulverjabæjarveggar og lóðar beinaverksmiðjunnar.

Sveitarfélagið hyggst byggja upp gámasvæði til móttöku á heimilissorpi, spilliefnum, garðaúrgangi, pappa, timbri, dekkjum og brotajárni á skipulagssvæðinu. Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi sem gámasvæði.

Teikningar og greinargerðir vegna tillagnanna mun liggja frammi á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs Árborgar að Austurvegi 67 á Selfossi frá og með 3. maí til og með 31. maí 2007.

Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum rennur út 14. júní 2007 og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarfulltrúa á skrifstofu framkvæmda- og veitusviðs, Austurvegi 67, 800 Selfossi.

Á sama tíma er teikningar og greinargerðir til kynningar á heimasíðu Árborgar, <http://www.arborg.is>, þar sem hægt er að skoða tillögurnar og senda athugasemdir til skipulags- og byggingarfulltrúa í netfangi skipulag@arborg.is. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillögurnar innan ofangreinds frests, teljast samþykkja þær.

Selfossi, 30. apríl 2007.

Bárdur Guðmundsson skipulags- og byggingarfulltrúi Árborgar.

(2007007453)

Útgáfud.: 25. apríl 2007

Stefna - til ógildingar á skuldabréfi

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Lilja Jónasdóttir hrl., Sundagörðum 2, 104 Reykjavík, að hún þurfi að höfða mál fyrir hönd Fiskþurrkunar ehf., kt. 570887-1149, Skólabraut 11, 260 Njarðvík, til ógildingar á skuldabréfi með veði í bifreið, útgefnu 17. maí 2002.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi skuldabréf sem útgefið var þann 17. maí 2002, til stefnanda Fiskþurrkunar ehf. af Aflamarki ehf., að fjárhæð kr. 882.087 með 1. veðrétti í bifreiðinni MR-030 sem er Scania árgerð 1989.

Málavextir og málsástæður: Skuldabréfið er að fullu greitt en stefnandi segir frumrit þess glatað og hafi ekki fundist þrátt fyrir leit og eftirgrennsln. Vegna þessa hefur ekki verið unnt að afmá það úr veðbókum og er stefnanda því brýn nauðsyn að fá skuldabréfið ógilt með dómi svo unnt sé að aflétta veðinu af bifreiðinni.

Fjárhæð skuldabréfsins var upphaflega kr. 882.087 og skyldi lánstími vera 49 mánuðir, fjöldi afborgana 48, vextir reiknuðust frá 17. maí 2002 og var gjalddagi 1. afborgunar 2. júlí 2002

Lagarök: Málið er höfðað með heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn og áskilnaður: Við þingfestingu málsins verða eftirtalin gögn lögð fram:

1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Ljósrit skuldabréfs.
4. Lögbirtingablað það er stefna þessi birtist í.
5. Þinglýsingarvottorð.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint skuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til að mæta á dómþing héraðsdóms

Reykjavík, sem háð verður í Dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 31. maí 2007, kl. 10.00 fyrir hádegi er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á dómkröfur og sókn sakar að hlýða, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til skuldabréfsins og mótmæla ofangreindri ógildingarkröfu. Að öðrum kosti má búast við því að útvistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda verði teknar til greina. Stefnumfrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 3. apríl 2007.

Helgi I. Jónsson

dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur.

(2007007215)

Útgáfud.: 27. apríl 2007

Stefna - til ógildingar á vísli

Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur,

Helgi I. Jónsson

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Gísli Sigurðsson, kt. 210472-4449, Hrísríma 28, Reykjavík að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á vísli.

Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að ógiltur verði með dómi víxill útgefinn 16. ágúst 2005 af Konráð Konráðssyni, kt. 111172-5959 að fjárhæð kr. 420.000, skrifað fjögurhundruðogtuttugþúsundkrónur og dómhafa þar með heimilað að ráðstafa því sem skjalið hljóðar um eins og hann hefði skjalið undir höndum.

Fyrirsvar: Undirritaður, stefnandi Gísli Sigurðsson kt. 210472-4449, Hrísríma 28 í Reykjavík flytur mál sitt sjálfur.

Málsatvik og lagarök: Vísilinn sem krafist er ógildingar á var útgefinn í Reykjavík þann 16. ágúst 2005 af (útgefanda), Konráð Konráðssyni, kt. 111172-5959 til heimilis að Álfholt 56c, 220 Hafnarfirði með Írisi Rögnu Stefánsdóttur, kt. 131172-559, sem greiðanda og samþykkjanda. Vísilinn var gefinn út sem tryggingarvísill til tryggingar skilvísri greiðslu vegna leigusamnings um Hrísríma 28 í Reykjavík í eigu stefnanda. Leigusamningnum sem tryggingarvísilinn lá til grundvallar er lokið með fullnægjandi greiðslum af hálfu leigutaka, en stefnandi hefur ekki getað afhent útgefanda vísilinn tilbaka þar sem frumrit vísilsins hefur ekki fundist þrátt fyrir ítrekaða leit. Stefnanda er því nauðsynlegt að höfða ógildingarmál þetta til að geta afhent útgefanda vísilinn eða fengið vísilinn ógiltan með dómi. Stefnandi vísar um lagarök til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Um varnarþing vísast til 2. mgr. 120. gr. sömu laga.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn: Afrit ódags. leigusamnings um Hrísríma 28 í Reykjavík, afrit af víslinum.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til að reifa málið frekar, koma að málsástæðum og rökum, afla sönnunargagna og kalla fyrir vitni, þ.e. ef tekið verður til varna í málinu.

Áskorun og fyrirkall: Hér með stefnist hverjum þeim sem kann að hafa framangreindan víxil undir höndum eða telur til réttar yfir víslinum að mæta á dómþing héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal embættisins nr. 102 í Lækjargötu þann 29. maí 2007, kl. 10.00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sanna rétt sinn til vísilsins, þar sem ella má búast við að útvistardómur gangi í málinu og að kröfur stefnanda um ógildingu bréfsins verði teknar til greina.

Stefnumfrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, apríl 2007.

Helgi I. Jónsson.

(2007007406)

Útgáfud.: 2. maí 2007

Auglýsing um vísitölu neysluverðs til verðtryggingar

Hagstofan reiknar vísitölu neysluverðs til verðtryggingar sparifjár og lánsfjár skv. 1. tl. 1. mgr. b. liðar 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987 og vísitölu gagnvart fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu, sem samið hefur verið um fyrir 1. apríl 1995, skv. e. lið 1. gr. laga nr. 13/1995 um breytingu á vaxtalögum, nr. 25/1987.

Eftirfarandi vísitölur gilda fyrir maí 2007:

Vísitala neysluverðs: 268,7 stig.

Vísitala gagnvart eldri fjárskuldbindingum tengdum lánskjaravísitölu: 5.305 stig.

Reykjavík, 16. apríl 2007.

Hagstofa Íslands.

(2007007447)

Lögbirtingablað,

33. tölublað 2007.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vik,

Anna Birna Þráinsdóttir.